



Fréttatilkynning:

## **Samstaða stjórnmalaflokka í Icesave málinu fagnaðarefni!**

Vinna þarf hratt - umbótaverkefni og atvinnusköpun þola ekki bið

Stjórn FÍS fagnar því að samstaða virðist vera nást meðal stjórnmalaflokka um afstöðu gagnvart viðsemjendum Íslands í Icesave málinu. Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi þess að Ísland hafi eina rödd í málinu og að óvissu í kringum málið linni sem allra fyrst. Það er grundvallaratriði að heildarhagsmunir þjóðarinnar ráði för – en ekki pólitískir hagsmunir einstakra flokka. Í því felst að Íslendingar umgangist skuldbindingar sínar af ábyrgð, réttindi sín af festu en sýni umfram allt samstöðu í sinni framgöngu.

Stjórn FÍS telur nauðsynlegt að stjórnmalamenn nálgist fleiri mikilvæg mál með samstöðu að leiðarljósi. Ástandið í atvinnulífinu er grafalvarlegt og að óbreyttu mun það versna. Nú þarf samstöðu um nauðsynleg umbótaverkefni og atvinnusköpun.

Reykjavík, 16. janúar 2010,

**Stjórn FÍS**